



H O L T A S K Ó L I

Skólanámskrá 2009 - 2010

Bekkjarnámskrá

Bekkjarnámskrá

3. bekkur

Íslenska

Fjöldi kennslustunda er 9 stundir á viku.

Í aðalnámskrá grunnskóla er íslenskunámi skipt í nokkra þætti, þ.e. lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, bókmenntir og málfræði. Þessir þættir eiga að styðja hvern annan, tengjast og skarast og fléttast saman sem ein heild og lögð er áhersla á Að nemandi þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum grunnskóla.

Lestur

Markmið:

Að nemandi

- lesi daglega til að auka lestrarhraða sinn og lesskilning
- hafi náð tilskildum leshraða
- hafi lesið fjölbreyttan texta við hæfi til að auka orðaforða og málskilning
- vinni með sinn eigin texta
- fái þjálfun í upplestri
- kundi að velja sér bók til lestrar og lesi sér til ánægju, upphátt eða í hljóði
- geti farið eftir skriflegum fyrirmælum

Námsefni:

- Lesum saman m/vinnubók
- Lesum meira saman m/vinnubók
- Einn í óbyggðum m/vinnubók
- Bókasafnsbækur og mínútsþjöld
- Heimalestrarbækur
- Frjálslestrarbækur
- Lesskilningsverkefni
- Verkefnavinna
- Hlustunarverkefni

Talað mál og framsögn

Markmið:

Að nemandi

- spyrji ef hann skilur ekki orð eða orðasambönd
- geti tjáð sig munnlega fyrir framan bekkjarfélega sína
- geti farið eftir munnlegum og skriflegum fyrirmælum
- geti sagt frá eigin reynslu
- geti rætt við bekkjafélaga sína þegar upp koma vandamál sem þarf að leysa
- geti rökstutt mál sitt
- geti kynnt vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum
- geti lesið sögu eða ljóð upphátt
- geti endursagt sögu
- geti farið eftir reglum þegar margir þurfa að tjá sig í hóp
- geti skoðað myndir og sagt frá efni þeirra

Hlustun og áhorf

Markmið:

Að nemandi

- kunni að hlusta þegar við á
- geti svarað spurningum úr efni sem hann hefur hlustað á
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum
- geti horft á leikþætti og söngatriði bæði á sviði og af myndbandi

Ritun

Markmið:

Að nemandi

- kunni að draga rétt til stafs
- geti skrifað eftir forskrift
- hafi aukið skrifarhraða sinn
- geti skrifað eftir réttum texta
- geti skrifað um eigin reynslu
- geti lýst hlutum og athöfnum
- kunni að skrifa sendibréf og póstkort
- geti búið til sögu
- geti samið ljóð
- kunni að nota orðabækur
- geti stafsett algengustu orð rétt
- geti gert útdrátt og skráð efni munnlegra og skriflegra frásagna
- geti skrifað einfaldan texta eftir upplestri
- hafi lært algengustu stafsetningarreglur s.s. að hafa bil á milli orða, hafa stóran staf á eftir punkti og einföldustu reglur um stóran og lítinn staf
- hafi lært reglur um tvöfaldan samhljóða

Námsefni:

- Skrifarbækur
- Ritunarverkefni
- Sögubókin mín
- Litla Ritrún
- Stafsetningaæfingar
- Ás
- Tvistur
- Pristur

Bókmenntir – ljóð

Markmið:

Að nemandi

- viti hvað þjóðsaga er
- viti hvað ævintýri er
- viti hvað dæmisaga er
- viti hvað sönn saga er
- viti hvað skopsaga er
- hafi lært vísur og ljóð til söngs eða upplestrar
- hafi tekið þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta
- geti lesið sér til fróðleiks og/eða skemmtunar miðað við lestrargetu

- skilji hugtökin persóna, söguhetja, upphaf, söguþráður og sögulok

Námsefni:

- Bækur af bókasafni
- Ljóð

Málfræði

Markmið:

Að nemandi

- þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning
- kunni stafrófið
- þekki sérhljóða og samhljóða
- þekki hugtökin samheiti og andheiti
- þekki hugtökin sérnöfn og samnöfn
- þekki hugtökin eintala og fleirtala
- viti að ritað mál skiptist í orðflokka, nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- þekki kyn nafnorða
- þekki samsett og ósamsett orð
- viti að sum orð fallbeygjast
- hafi fengið tækifæri til að leika sér með tungumálið á sem fjölbreyttastan hátt

Námsefni:

- Litla Ritrún
- Ás
- Tvistur
- Þristur
- Málfræðiverkefni

Kennslutilhögun:

Leikræn tjáning, söngur, tónlist, umræður, þulunám, bein kennsla og hlustunarefni. Lesskilningur, upplestur, virk hlustun, hljóðlestur og skrift. Lestur í tímum og heimalestur. Lestrarátak. Heildstæð verkefni, ritun, safnfræðsla, sköpun, söguaðferð og tjáning.

Námsmat:

Hraðapróf, lesskilningsæfingar, hlustun og símat.

Stærðfræði

Fjöldi kennslustunda er 7 stundir á viku.

Í upphafi er stærðfræðikennsla barna byggð á hugtökum úr þeirra eigin reynslu og þekkingarheimi. Leitast er við að tengja viðfangsefnin daglegu lífi barnanna. Fjölbreyttir kennsluhættir og mismunandi nálgun við lausn viðfangsefna er nauðsynleg því ung börn sjá oft hlutina með öðrum augum en fullorðnir (Aðalnámskrá Grunnskóla).

Markmið:

Að nemandi

- læri að skrá nokkuð háar tölur og einföld brot
- læri að útskýra hvernig hann leysir verkefni
- geti notað talnatákn og aðgerðarmerki

- geti notað stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbærum
- geti unnið með öðrum við að leysa þrautir
- geti leyst þrautir þar sem hann þarf að nota reikningsaðferðir
- geti leyst þrautir sem tengjast daglegu lífi
- geti búið til eigin þrautir
- geti notað stærðfræðiforrit í tölvum
- skoði form í nánasta umhverfi sínu
- vinni með tímareikninga og tímaáætlanir
- læri á klukku, bæði skífuklukku og tölvuklukku
- læri á íslenska peninga
- læri að lesa af hitamæli
- geti áætlað hvað vörur kosta og getur metið hvort hann fái rétt til baka
- geti metið hvaða mælieiningar er heppilegast að nota hverju sinni
- geti notað ýmiss konar hjálpargögn við lausn verkefna
- geti notað talnalínu
- geti áætlað fjölda hluta
- viti hvað sé slétt- og oddatala er
- hafi kynnst sætisgildiskubbum
- geti metið hvort fullyrðingar sem settar eru fram séu sannar
- kunni helstu reikniaðgerðir s.s. að leggja saman og draga frá, margfalda og deila
- hafi kynnst mismunandi reikniaðferðum við úrlausnir verkefna
- hafi unnið með talnamynstur í margföldunartöflum
- geti fundið ólíkar leiðir við lausn verkefna
- geti námundað tölu að næsta tug og hundraði
- kunni að nota hjálpargögn s.s. kubba, talnagrind, reiknivél, reglustiku, málband og sentikubba
- þekki hlutföllin helmingur, þriðjungur og fjórðungur
- geti stækkað flatarmyndir
- geti skoðað og myndað talnamunstur
- kunni að vinna með munstur
- kynnist lögum hluta og eiginleika
- kunni að spegla
- viti hvað flatarmál er
- viti hvað rúmmál er
- þekki horn, brúnir og hliðarfleti
- viti hvað holur, gegnheill, sívalur, kúlulaga, kúptur og íhvolfur hlutur er
- þekki helstu mælieiningar og notkun þeirra
- viti hvað hnit er og geti teiknað hluti inn í hnitakerfi
- kunni að búa til töflur og einföld súlurit
- kunni að lesa úr töflum og súluritum

Kennslutilhögun:

Umræður, verkleg vinna, þrautalausnir, samvinna, innlögn og æfingar.

Námsefni:

- Eining 5
- Eining 6
- Viltu reyna?
- Við stefnum á margföldun
- Verkefni fyrir vasareikni 2
- Verkefnablöð

Námsmat:

Kannanir eftir hvern námsþátt.

Samfélags- og náttúrufræði

Fjöldi kennslustunda eru 4 stundir á viku.

Með auknum aldri og þroska nemenda má gera auknar kröfur um sjálfstæð vinnubrögð, ábyrgð og frumkvæði. Hlutverk skólans er að halda við og styrkja forvitni og áhuga nemenda á umhverfinu og leyfa þeim að takast á við verkefni sem víkka sjóndeildarhring, orðaforða, málfar og skynjun. (Aðalnámskrá grunnskóla).

Markmið:

Að nemandi

- þekki helstu eldstöðvar á Íslandi
- viti hvað hraunlag er
- þekki helstu fjöll í nánasta umhverfi
- þekki íslensk spendýr
- átti sig á að lífverur þarfnast vatns, lofts, fæðu og búsvæðis til að lifa
- kynnist lífi fólks fyrr á öldum
- þekki nokkrar persónur úr Íslandssögunni
- geti sagt frá nokkrum sögufrægum persónum, t.d. sæförum og landkönnuðum
- geri sér grein fyrir mikilvægi fjölskyldunnar í gegnum söguna og hvernig menn búa í mismunandi fjölskyldugerðum með ólíkar efnahagslegar og félagslegar aðstæður í heiminum
- hafi hlustað á og/eða lesið og unnið með þjóðsögur, hetjusögur og goðsagnir frá mismunandi stöðum í heiminum
- hafi kynnst helstu atvinnuvegum þjóðarinnar
- geti raðað þekktum fyrirbærum í tímaröð með því að teikna á tímaás
- kunni skil á tímahugtökum
- læri að nota dagatal
- hafi tilfinningu fyrir framvindu tíma og hvernig sögunni er skipt niður í tímabil
- þekki áttirnar á landakorti

Kennslutilhögun:

Umræður, verkefnavinna, bein kennsla, hugstormun, rannsóknir og innlög.

Námsefni:

- Í sveitinni með Æsu og Gauta
- Komdu og skoðuðu – Fjöllin
- Kostuleg kort og gröf
- Lífið fyrr og nú

Námsmat:

Símat, vinnubók, verkefni og hópavinna.

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Fjöldi kennslustunda er 1 stund á viku.

Mikilvægur þáttur í þroskaferli hvers einstaklings er mótun heilbrigðrar sjálfsmyndar. Skólinn þarf að gefa nemendum tækifæri til að fást við viðfangsefni sem tengjast spurningum og svörum um merkingu lífsins og siðræn gildi. Umræða um þessi efni þroskar dómgreind og eykur víðsýni. Skólinn er fræðslustofnun en ekki trúboðsstofnun og er því fyrst og fremst ætlað að miðla þekkingu og auka skilning á kristinni trú og öðrum trúarbrögðum. (Aðalnámskrá grunnskóla).

Markmið:

Að nemandi

- hafi kynnst frásögunum að ættfeðrunum Abraham, Ísak og Jakobi
- hafi kynnst frásögninni af Jósef
- hafi lært um fæðingu Jesú
- viti af hverju við höldum jólin hátíðleg
- viti hvað aðventa er
- kynnist bænum
- kynnist frásögum úr Gamla- og Nýja testamentinu
- kynnist frásögnum af dauða og upprisu Jesú
- viti hvað kristniboð og starf kristniboða er
- komi fram við aðra eins og ég vil að komið sé fram við mig
- viti hvað virðing og jafnrétti er.

Kennslutilhögun:

Umræður, verkefnavinna, hópavinna, bein kennsla og tjáning og sköpun.

Námsefni:

Stjarnan, Barnabiblían.

Námsmat:

Símat, vinnubók og hópavinna.

Lífsleikni**Markmið:**

Að nemandi

- geti lýst sjálfum sér fyrir öðrum
- geti lýst öðrum
- viti hvert hlutverk hans er í fjölskyldunni
- þori að sýna frumkvæði
- þekki líkamlega þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- skilji tilgang leikreglna í mannlegum samskiptum
- viti að fólk gegnir mismunandi hlutverkum í lífinu
- kunni að velja fyrir sig
- viti að nám fer fram utan og innan skólans
- viti að hann beri ábyrgð á afleiðingum þess sem hann velur
- geti hlustað á aðra og sýnt kurteisi

- öðlist færni í samvinnu og að sýna tillitssemi

Kennslutilhögun:

Umræður.

Námsmat:

Ekkert formlegt Námsmat:

Myndmennt

Kennd er ein stund á viku allan veturinn.

Markmið:

Að börnin kynnist skipulögðu myndlistarnámi, og þau geti á einfaldan hátt tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim í myndverki. Sjálfsgagnrýni er yfirleitt lítil, en tjáningarþörfin rík. Börnin læra um og vinna með grunnþætti í myndlist, s.s. formfræði, litafræði og myndbyggingu. Þau fá innsýn í verk listamanna og geri sér grein fyrir að listin á sér sögu.

Kennslutilhögun:

Börnin vinna með liti og formfræði, nálægð og fjarlægð, forgrunn, bakgrunn og miðrými. Þau kynnast mismunandi miðlum og eru vanin við vönduð vinnubrögð. Notast verður við ýmsa miðla við kynningu efnis, s.s. bækur, netið, o.fl.

Námsmat:

Fylgst er með framförum, virkni og áhuga nemenda. Skrifleg umsögn er gefin að vori.

Upplýsinga- og tæknimennt:

Fjöldi kennslustunda er 1 stund á viku hjá tölvukennara.

Ritþjálf/bókasafn 1 stund á viku, þ.e. ritþjálf hálfsmánaðarlega og bókasafnstími hálfsmánaðarlega

Markmið:

Ritþjálf:

Nemandi

- læri rétta líkamsstöðu við vélritun.
- rifji upp heimalykla og stafi síðan í 2. bekk. Bæti við sig átta stöfum og kommu yfir staf (t, m, ð, v, p, u, y, x).

Bókasafn:

Nemandi

- læri að umgangast bækur á bókasafni
- læri að umgangast bókasafn
- læri hvernig á að umgangast bækur
- læri leita að bókum
- læri fletta upp í bókum og leita að hlutum í þeim

Tölvur:

Nemandi

- læri rétta líkamsbeitingu við tölvur
- kunni að kveikja og slökkva á tölvum

- læri að skrá sig inn á tölvurnar með sínu aðgangsorði
- læri á heimasvæðið sitt
- læri að fara inn og út úr kennsluforritum
- kunni að fara í kennsluforrit á Netinu (tenglar á heimasíðu Holtaskóla)
- kunni á Paint og Tuxpaint (teikniforrit) og að vista á réttum stað
- kunni að opna aftur ólokið verkefni í Paint
- læri á Photostory og geri margmiðlunarefni
- kunni að ganga frá tölvum að tíma loknum
- siðfræði Netsins (SAFT)
- að nota lyklaborð í stað músar

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna ýmis verkefni í tölvustofu undir stjórn kennara.

Á bókasafni lesa nemendur og vinna ýmis verkefni undir stjórn bókavardar.

Námsgögn:

- Kennsluforrit
- Kennsluforrit á Netinu (tenglar á heimasíðu Holtaskóla)
- Paint (teikniforrit)
- Photostory; setja inn myndir og tónlist og búa til margmiðlunarefni
- Siðfræði á Netinu
- Ritþjálfari hjá bekkjarkennara

Námsmat:

Fylgst er með virkni, áhuga og hegðun og mat gert í samræmi við það.

Tónmennt

Kennd er ein stund á viku.

Markmið:

Að nemandi

- geti sungið lög og stef eftir minni og heyrn
- geti greint á milli algengustu hljóðfæratagunda, s.s. blásturs- og strengjahljóðfæra, eftir heyrn og sjón og þekki sum þeirra með nafni
- kynnist algengustu skólahljóðfærum og þjálfist í notkun nokkurra þeirra
- hlusti á tónlist frá ólíkum menningarsamfélögum og greini eiginleika og einkenni þeirra
- sýni viðbrögð við og greini á milli notkunar efnisþátta í fjölbreyttri tónlist með mismunandi tjáningarformum, t.d. hreyfingu og töluðu máli
- þekki nokkur algeng hljómsveitarverk og höfunda þeirra (íslensk og erlend tónskáld)
- þjálfist sig í að verða góður hlustandi

Kennslutilhögun:

- Hlustað á tónlist og hún skilgreind.
- Skólahljóðfæri verða notuð til að kynna hugtök tónfræðinnar.
- Unnið verður með tjáningu í formi hreyfingar, leikja og dansa.
- Skrifleg verkefni unnin.
- Áhersla lögð á söng.

Námsgögn:

- Það er gaman að hlusta – á hermitónlist eftir Guðfinnu Dóru Ólafsdóttur.
- Það var lagið – hugmyndaefni í tónmennt eftir Elfu Lilju Gísladóttur, Kristínu Valsdóttur og Lindu Margréti Sigfúsdóttur.
- Tónmennt 1. hefti. Umsjón með útgáfu: Njáll Sigurðsson.
- Tónmennt 1. hefti. Söngvasafn. Pétur Hafþór Jónsson, Guðfinna Dóra Ólafsdóttir, Njáll Sigurðsson og Ríkarður Örn Pálsson stóðu að samningu og útgáfu bókarinnar.
- Syngjandi skóli. Þórunn Björnsdóttir tók saman og setti upp nótur og texta.
- Nýir skólasöngvar. Safnað hefur Þórdís Guðmundsdóttir.
- Leikum og syngjum – verkefni fyrir byrjendur í tónlist eftir Guðfinnu Guðlaugsdóttur og Þórunni B. Sigurðardóttur.
- Karnival dýranna – tónsaga eftir Edel Wallin.

Ítarefni:

Hlustunarefni, myndefni, verkefni og efni tekið saman af tónmenntakennara.

Námsmat:

Nemandi verður metinn margvíslega og fær að lokum umsögn. Ekki verða tekin annarpróf. Nemandi metur frammistöðu sína sjálfur, skrifleg verkefni verða unnin, virkni, hegðun, og frammistaða í tímum verður einnig metin af kennara.

Textílmennt

Kennd er ein stund á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Að nemandi vinni með tvöfalt efni, noti útsaum til skreytinga, saumi einfaldar línur í saumavél, vinni eftir leiðbeiningum frá kennara og tileinki sér nokkur hugtök textílgreinarinnar.

Kennslutilhögun:

Bein kennsla og sýnikennsla. Nemendur búa til púða sem þeir skreyta og sauma saman í saumavél undir handleiðslu kennara. Önnur styttri verkefni verða unnin með ýmsum þráðum og skreytingum.

Námsmat:

Nemendur eru stöðugt metnir með tilliti til vinnubragða, umgengni og áhuga.

Hönnun og smíði

Kennd er ein stund á viku.

Markmið:

Að nemandi þekki einfalt hönnunarferli; skilji nauðsyn teikninga og málsetninga svo hægt sé að smíða efnislega hluti; geti beitt einföldum handverkfærum við smíði á hlut.

Kennslutilhögun:

Kennd verður rissteikning og málsetning sem þjálfað verður með því að teikna eftir hlut sem nemandinn getur séð og mælt. Nemandanum verður síðan kennt að nota teikningu sína til að smíða hlut sem líkastan því sem hann hefur teiknað. Nemandinn hannar sjálfur endanlegt útlit hlutarins.

Námsmat:

Kennari metur stöðugt alla vinnu nemandans, umgengni og framkomu, færni, vandvirkni og framfarir.

Heimilisfræði

Kennd er ein stund á viku.

Markmið:

Að nemandi

- þekki fæðuhringinn með áherslu á mjólkurflokk
- þekki mikilvægi morgunverðar
- geti gert greinarmun á hollum og óhollum drykkjum
- gera sér grein fyrir orsökum slysa og kynna sér slysavarnir

Kennslutilhögun:

Nemendur fá þjálfun í að vinna saman eftir auðveldum uppskriftum og leiðbeiningum. Unnið verður með fæðuhringinn, mjólk og grænmeti. Þeir eru þjálfaðir í hreinlæti við matargerð.

Námsgögn:

Hollt og gott 2, Heimilisfræði fyrir 3. bekk.

Ítarefni:

Ljósrit frá kennurum og myndband um mjólk.

Námsmat:

Fylgst er með frammistöðu í tímum. Umsögn gefin fyrir vinnubók og frammistöðu að vori.

Íþróttir, líkams- og heilsurækt

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið:

Að efla líkamlegan þroska, heilbrigði og þrek einnig að auka þol, kraft og liðleika. Að taka þátt í einföldum æfingum og leikjum í þeim tilgangi að efla samspil skynfæra og útfærslu hreyfinga. Að fara eftir settum reglum og taka tillit til annarra til að venjast aga og auka samskipti. Að upplifa skólaíþróttir á jákvæðan og skemmtilegan hátt. Að taka þátt í leikjum sem efla sjálfstraust, viljastyrk og áræðni.

Kennslutilhögun:

Ætlast er til að nemandinn þjálfist í æfingum með stór og smá áhöld þar sem mismunandi hreyfingar eru tengdar saman t.d. jafnvægisgöngu á bita og hliðarstökki yfir kistu og bekk. Hann taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft s.s. reiptogi og hanaslag. Nemendur læri að taka sigri og ósigri. Leikfimi er stunduð innanhúss nema úti stöku sinnum á haustin og á vorin.

Námsmat:

Fylgst er með mætingum nemenda og frammistöðu í tímum og fá matsblað í lok ársins. Nemendur eru hvattir til að neyta holls mataræðis.

Skólasund

Ein kennslustund á viku.

Markmið:

Að nemandinn nái valdi á samspili grunnhreyfinga í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, og baksundi. Að nemandi geti orðið sjálfbjarga í sundi.

Kennslutilhögun:

Nemandinn tekur þátt í fjölbreyttum æfingum sem reyna á samspil skynfæra og samhæfingu hreyfinga, s.s. 12m bringusundi, 12m skólabaksundi með eða á hjálpartækja, 8m skriðsundsfótatök, andlit í kafi og armar teygðir fram og 6m baksundi með eða án hjálpartækja. Nemandinn mun þjálfast í skapandi æfingum í vatni. Nemandinn tekur þátt í æfingum og leikjum sem veita áreiti eins og snertingu og hnjaski og lærir að taka fram og ganga frá sundáhöldum á réttan og öruggan hátt.

Námsmat:

Athugað hvort þau standist þriðja stig í sundi.